

## Skólaráð Naustaskóla

3. fundur ársins 2015 þann 4. mars 2015

### Mættir:

Skólastjórnendur: Bryndís Björnsdóttir, Aðalheiður Skúladóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Gísli Rúnar Magnússon, Helga Jóhannsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Berglind Bergvinsdóttir, Valdís Jósavinsdóttir.

Fulltrúi nemenda: Íris Orradóttir

### Dagskrá og afgreiðslur:

- 1. Skóladagatal:** Lögð fyrir drög að skóladagatali. Rætt um starfsdagana í apríl og skólaslitadaginn. Fulltrúar foreldra leggja til að reynt verði að fá undanþágu fyrir tvöföldum degi. Reyna að finna lausn þannig að hægt sé að útskrifa á föstudegi. Kennarar ekki til í að missa eina starfsdaginn fyrir foreldraviðtöl.
- 2. Námsmat:** Bryndís kynnti núverandi fyrirkomulag á námsmati. Spurt var um hvernig mat nemenda verður sem eru að útskrifast. Bryndís sagði frá bókstafaviðmiðum sem eru að koma núna frá menntamálaráðuneytinu. Útskrifað verður eftir ár með bókstöfum en nú í vor með tölum.
- 3. Samstarf heimilis og skóla:** Varðandi viðtölin eru foreldrar sammála um að ekki sé um áframhaldandi samtal að ræða heldur meira hvernig staðan er hverju sinni. Berglind benti á að fyrra viðtalið væri vanalega notað í líðan en seinna viðtalið um námslega stöðu nemandans.  
*Föstudagspóstarnir* eru góðir og foreldrar eru ánægðir með þá.  
*Samskipti við kennara og stjórnendur* eru góð að mati foreldra. Varðandi *uppákomur fyrir nemendur* og voru allir sammála því á fundinum að það þarf að skipuleggja betur og halda betur að foreldrum að þeir eigi að sjá um uppákomur. Hver ber ábyrgðina- Foreldrafélagið þarf að vinna þetta betur.
- 4. Skólapúlsinn:** Niðurstöður kannana meðal nemenda í 6.-10. bekk í vetur kynntar. Þær eru neikvæðari en þær hafa verið, miklar vangaveltur um þessar niðurstöður.

### Önnur mál:

Næsti fundur áformaður miðvikudaginn 8. apríl kl. 15:00 en verður boðaður með dagskrá með viku fyrirvara.

Aðalheiður ritaði fundargerð